Arðrændir og kúgaðir allra landa - sameinist!

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

20. tbl. 4. árg. 31. okt. - 14. nóv. 1978 Verð kr. 150

Við eigum vini um allan heim

4-5

Kappræðu fundur

NORÐAUSTUR-AFRÍKA - HVAÐ ER AÐ GERAST ÞAR?

FRAMSÖGUMENN FRÁ VERKALÝÐSBLAÐINU OG "BARÁTTUHREYFINGU GEGN HEIMSVALDASTEFNU".

FIMMTUDAGINN 9.NÓVEMBER AÐ HÓTEL ESJU 2.HÆÐ KL.20^{30}

Baráttuhreyfing 1. des

Þriðjudaginn 7. nóvember n.k. verður haldinn liðsfundur Baráttuhreyfingar 1.desember. Fundurinn verður haldinn að Hótel Esju, 2. hæð og hefst kl. 20.30, stundvíslega. Á dagskrá verður:

1. Fræðsluerindi um alþjóðaástandið og stríðshættuna.
2. Umræður um starfið.
3. Menningar- og skemmtiefni.

MÆTUM ÖLL!
GERUM 1.DESEMBER AÐ BARÁTTUDEGI!

Liðsfundur 7. nóv

BSRB:

Berjumst gegn framlengingu samninganna

Ríkisstjórnin hefur það ofarlega á stefnuskrá sinni að sjá til þess að "vinnufriður haldist" og að haft sé "samráð við aðila vinnumarkaðarins" þegar ákvarðanir eru teknar sem varða réttindi og kjör launafólks. Nokkur árangur af þessu samráði er nú þegar að koma í ljós. Forysta ASÍ hefur hvatt aðildarfélög sín til að draga til baka uppsagnir kjarasamninga - líklega til að tryggja vinnufrið - og forysta BSRB lætur heldur ekki sitt eftir liggja. Á formannaráðstefnu BSRB í haust var samþykkt að til greina komi að gefa eftir umsamda launahækkun (3%) sem á að taka gildi 1. apríl á næsta ári. Í staðinn beiti ríkisstjórnin sér fyrir rýmkuðum samningsréttarlögum. Nú um miðjan október kom samninganefnd BSRB síðan saman og staðfesti álit formannaráðstefnunnar. Á fundi samninganefndar var ákveðið: að viðræður skuli hafnar við ríkis-

6

Ekki skal treyst á ASÍ - báknið!

Úr ályktunum INSÍ-þings

Hér verður birt örlítið brot úr ályktunum INSÍ-þings, til að lesendur fái dálitla innsýn í þá stefnu iðnnemahreyfingarinnar sem þingið markaði.

Úr félagsmálaályktun: Eftirfarandi er sagt um orsakir fyrir starfsdoða meðal iðnnema:

"Hreyfingin hefur ekki haft nothæfa baráttustefnu til að byggja tilveru sína á, né mótað afstöðu/stefnu í öllum mikilvægum baráttumálum hreyfingarinnar og verkalýðsins.

Hreyfingin hefur ekki haft forystu, sem leitt gæti hana áfram og þróað stefnu hennar, virkjað félagana til starfa. Á hinn bóginn hefur núverandi forysta

3

„Ekki venjulegt landamærastríð"

Áveitumannvirki eru mikilvæg til þess að auka hrísgrjónaræktunina. Í Kampútseu er framleiðslan nóg til að allir hafi að borða, en hungur ríkir á stórum svæðum í Víetnam. Nú ráðast Víetnamar á Kampútseu og eyðileggja fyrir uppbyggingunni



Akureyri:

Andstaða gegn stéttasamvinnu forystunnar í Einingu

Í gær, sunnudag, gerðist sá óvenjulegi atburður hér, að haldinn var fundur í verkalýðsfélaginu Eingingu. Ég segi óvenjulegi, því þegar farið var að lesa upp úr fundargerð síðasta fundar kom í ljós, að síðasti fundur var haldinn í febrúar sl.

Fundurinn var auglýstur í útvarpi og blöðum hér á Akureyri, en ekki tókst mér að finna neina auglýsingu um hann á vinnustaðnum mínum. Fundargestir voru mjög fáir ca. 20-30 af ca. 1800 félagsmönnum á Akureyri, enda fundurinn haldinn á sunnudegi, lítið auglýstur og vinnudagur flestra í félaginu langur, og lítill áhugi og möguleiki fyrir að nota frídaginn í fundarsetu.

Helsta mál fundarins var afturköllun á uppsögn kjarasamninganna. Jón Helgason lagði að sjálfsögðu til, að við fylgdum áskorun ASÍ-forystunnar og ríkisstjórnarinnar og samþykktum að laun okkar yrðu fryst í eitt ár. Hann talaði mikið um, að við yrðum að gefa þessari ríkisstjórn, sem er vinveitt verkalýðshreyfingunni, tækifæri á að prófa sig og sýna hvað hún gæti og vildi gera fyrir okkur. Auk þess er staða atvinnuveganna erfið eins og allir vita.

Í stuttu máli fengum við að heyra öll gömlu rökin um, að við yrðum að sýna þolinmæði, mættum ekki krefjast of mikils og að við yrðum að taka tillit til stöðu atvinnuveganna. Líklega hefur Jón og hans fólk reiknað með að fá sína tillögu samþykkta án mikillar fyrirhafnar og þeir urðu því mjög undrandi þegar fram komu raddir um að ekki væri rétt að hlýða boði ASÍ-forystunnar hljóðalaust, að þessar aðgerðir/tilmæli ríkisstjórnarinnar væri hörð árás á samnings- og verkfallsrétt verkafólks og að það sem rétt væri að gera nú væri að fara út á vinnustaðina og ræða við fólkið þar um hvað þeirra álit væri á þessum aðgerðum. Þá mætti líka koma fram með ýmsar sérkröfur, og

2

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

STRÍÐSHÆTTAN EYKST

HVERS VEGNA STRÍÐ?

Frumkvöðlar marx-leníninismans og reynsla þessarar aldar staðfestir að stríð milli heimsvaldalanda þeirra í milli og ófrjálsra ríkja eru óhjákvæmileg. Orsökin er gróðasókn auðvaldsins og ójöfn þróun heimsvaldalandanna. Á ýmsum tímum þarfnast eitt land öðrum fremur markaða, hráefna, vinnuafls, nýlenda o.s. frv. En hagsmunir annarra ríkja standa þá í veginum. Eftir ráðstefnur, þrýsting og jafnvel samninga eru vopnin látin tala, stundum á takmörkuðum svæðum, stundum í heimsálfunum.

Þannig hefur saga þessarar aldar verið saga uppskipta- og árásarstríða.

HVERS KONAR STRÍÐ?

Styrjaldir af þessu tagi eru óréttmæt stríð - stríð sem hneppa fjöldann í fjötra og úthella blóði í þágu auðs og undirokunar. Til eru einnig styrjaldir sem undirokaðar stéttir og ófrjálsar þjóðir heyja, allt frá Spartakusuppreisninni í Rómarveldi til kínversku byltingarinnar og þjóðfrelsisstríðanna í Eritreu og Kampútseu. Þetta eru réttmæt stríð - frelsisstríð gegn áratuga eða aldalangri kúgun.

I. og II. heimsstyrjöldin voru óréttmæt stríð. Andstaðan gegn stríðinu 1914-'18 og andfasíska fylkingin gegn öxulveldunum (m.a. Bandamenn) voru hins vegar merki réttmætrar baráttu og ekkert harmsefni.

Líkleg III.heimsstyrjöld verður styrjöld milli risaveldanna tveggja, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um áhrif í og uppskiptingu heimsins.

Vegna skyndilegrar þarfar fyrir stóraukið "lífsrými" eru Sovétríkin líklegri upphafsaðili stríðs af þessu tagi eins og Þýskaland áður. Hvor aðilinn sem hefst handa verður að beita aðferð leifturstríðsins og ná sem sterkastri stöðu á sem skemmstum tíma. Notkun stórra og smárra kjarnavopna verður óhjákvæmilega einhver. En þó er mikilvægt að muna að um gereyðingarstríð verður ekki að ræða því risaveldin sækjast ekki eftir rústum og mannlausri veröld, heldur yfirráðum yfir fólki, framleiðslutækjum, mörkuðum o.fl. Einkenni herja þeirra er einmitt fjöldi venjulegra hermanna og vígvela.

STAÐA ÍSLANDS

Ísland er hernaðarlega mikilvægt land. Það liggur í skotlínu mitt á milli risaveldanna og jafnvel innan aðalvíglínunnar í N-Atlantshafi (Sovétmegin). Í I.heimsstyrjöldinni var stríðið allfjarri en olli búsifjum. Í þeirri næstu var landið nær og hersetið af Bandamönnum og búsifjar þyngri en áður. Nú eru verulegar líkur á átökum risaveldanna um landið og í því, sem gætu m.a. haft hart hernám í för með sér.

STYRJALDAR-HÆTTAN

Fáir útiloka III.heimsstyrjöldina. En kommúnistar og ekki hvað síst Alþýðulýðveldið Kína, hafa sýnt fram á dagvaxandi hættu á stríði.

Átök risaveldanna magnast stöðugt. Sovétríkin gerast æ djarftækari en Bandaríkin verja sín ítök og hagsmuni æ harðar. Megineinkennið er þó aukin harka Sovétkeisaranna, einríki þeirra er nú næst voldugasta auðvaldsríki heims.

Efnahagsleg átök risaveldanna eru mikil. Sovétmenn eru meira að segja farnir að seilast í yfirráðasvæði Bandaríkjanna í S-Ameríku, svo sem Argentínu og Perú. Baráttan um pólitísk ítök t.d. í Miðausturlöndum harðnar um leið og vopnaafskipti Sovétríkjanna í staðbundnum stríðum stóraukast (sbr. Afríku)

Vígbúnaðarkapphlaupið magnast. Nægir að nefna annars vegar nýjar kjarnasprengjur og auknar vopnabirgðir Bandaríkjanna en hins vegar marghátttaða yfirburði Sovétríkjanna hvað snertir fjölda hermanna og flestar tegundir vígvéla.

Pólitísk og efnahagsleg kreppa risaveldanna, ásamt öllum fyrrgreindum atriðum, leiðir smám saman til þess að stríðsátök verða "eina von" yfirstétta landanna.

HREYFING GEGN STRÍÐI.

Á alþjóðarvettvangi rís nú hreyfing gegn risaveldunum og stríðsundirbúningi þeirra. Annars vegar er um að ræða einhlýta andstæðinga auðvalds og allrar heimsvaldastefnu. Þar nefnum við verkalýð og þorra annarrar alþýðu auðvaldslandanna, þjóðfrelsishreyfingar, þjóðir 3.heimsins og þá sérstaklega sósíalísku ríkin. Hins vegar eru það tímabundnar og mögulegir bandamenn gegn risaveldunum, sem þarf að vinna til fylgis, svo sem minni auðvaldsríkin, ýmsar afturhaldssinnaðar stjórnir 3.heimsins sem risaveldin þrengja að á einhvern hátt. Voldug samfylking gegn stríði og risaveldunum er í raun eina aflið sem getur frestað eða jafnvel komið í veg fyrir styrjöldina ásamt þjóðfélagsbyltingum víða um heim.

Kenning Mao Tsetungs um þrjá heima (risaveldin, minni auðvaldsríki og 3. heiminn) er mikilvægasta leiðbeiningin í þessu starfi. Og þá verða menn að skilja að margir aðilar geta verið til gagns gegn risaveldunum þótt þeir oki alþýðu eigin lands.

Hefji risaveldin stríðsátök sín í milli á íslensk alþýða aðeins eitt svar: Að neita að lúta nokkru erlendu oki, að neita skerðingu sjálfræðis þjóðarinnar, að veita viðnám þrátt fyrir yfirburði árásaraðilanna.

Fram til þess tíma verður að leggja rækt við að:
- afhjúpa stríðshættuna, risaveldin og falska friðarpostula heima og heiman.
- hefja baráttuaðgerðir eins og 1.desember-hreyfingin gengst fyrir til vegs.
- berjast fyrir því að Samtök herstöðvaandstæðinga standi gegn báðum risaveldunum.
- berjast gegn erlendri ásælni og erlendri stóriðju.
- berjast gegn hersetunni og fyrir úrsögn úr NATO.
- knýja fram nægar almannavarnir með stríð en ekki eingöngu nátturuhamfarir fyrir augum.
- styðja virkt einhlýta bandamenn okkar erlendis og ýta undir viðleitni sem flestra annarra til andófs gegn risaveldunum tveimur.

24.okt. Framkvæmdanefnd miðstjórnar EIK(m-l).

VB mun á næstunni birta nánari úttekt á vígbúnaði risaveldanna og almannavörnum á Íslandi.

Stofnum kommúníska verkalýðsflokk fyrir 1980

Fjöldastefna er lykilhlekkur

Verkalýðsblaðið hefur áður skrifað um það aðalverkefni EIK(m-l), að byggja upp kommúnistaflokk.

Raunverulegur kommúnistaflokkur starfar á grundvelli fræðikenningar verkalýðsins, marx-leníninismans. Hann er forsenda þess, að verkafólk og önnur alþýða í landinu geti unnið verulega sigra í stéttabaráttunni og í framhaldi af því skapað sér sitt eigið þjóðfélag. Vinnandi fólk þarfnast flokksins.

Við sjáum, að heimsástandið er síbreytilegt. Æ fleiri þjóðir rísa upp og berjast fyrir sjálfstæði sínu. Kreppan í auðvaldslöndunum dýpkar stöðugt. Risaveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, auka stöðugt vígbúnað sinn og ljóst er, að við lifum á fyrirstríðstímum. Það stefnir í nýtt uppskiptastríð milli risaveldanna. Ef alþýða Íslands á að geta varið sjálfræði þjóðarinnar, þá verður að vera til kommúnískur flokkur, forystuafl, sem getur veitt þeirri baráttu forystu.

En hvernig eiga félagar og stuðningsmenn EIK(m-l) að leysa þetta verkefni - hvernig getum við komið á fót þessari forystusveit alþýðunnar.

Eitt aðalhlutverk okkar er að uppfræða vinnandi fólk, um pólitíska stefnu okkar, kommúnismann, hið sósíalíska þjóðfélag, eðli auðvaldsskipulagsins o.s. frv. En það er ekki nóg að vera vel að sér. Það gagnar lítið, ef við getum ekki beitt stefnunni á íslenskar aðstæður. Við verðum að komast að niðurstöðu um, hverjir muni taka þátt í og styðja framsækna baráttu og hverjir verða henni andstæðir. Við verðum að læra að greina aðstæðurnar rétt og samþætta baráttuna fyrir langtímamarkmiðunum (þ.e. sósíalismanum) dægurbaráttunni.

Eitt sterkast vopn, sem við kommúnistar höfum yfir að ráða, vopn, sem verður að vera okkur samgróið, er það sem kallað hefur verið fjöldastefna. Mao Tsetung hefur skrifað mikið um það, hvað rétt fjöldastefna sé og hvernig á að beita henni. Hann segir m.a.:

"Tuttugu og fjögurra ára reynsla hefur kennt oss, að rétt verkefni, stefna og starfstíll eru ávallt í samræmi við kröfur fjöldans á hverjum tíma og hverjum stað og styrkja ávallt tengsl vor við fólkið en röng stefna verkefni og starfsstíll eru ævinlega í andstöðu við kröfur fjöldans á hverjum stað og stundu og verða alltaf til þess, að vér fjarlægjumst fólkið. Slík mein sem kreddufesta, hugsunarlaus reynsluhyggja, valdboðsstefna, táglhnýtingsháttur, einangrunarstefna, skriffinska og hrokafull framkoma í starfi eru mjög skaðleg og óbærileg með öllu, og hver og einn sem þjáist af þessum meinum verður að læknast af þeim, vegna þess að allt slíkt háttarlag verður til þess að vér fjarlægjumst fólkið." (Kaflar úr ritum.. bls 126. ísl. útg.)

Ef forystusveitin hlustar ekki á hugmyndir og gagnrýni fjöldans, getur hún ekki vitað hvort stefnan sé rétt. Forystusveitin verður að hlusta vel eftir röddum fjöldans, safna saman hugmyndum hans, þróa þær áfram í samræmi við heildarstefnuna og aðstæður og fara aftur með þær út til fjöldans og hvetja hann til að nota þær í baráttu. Dæmi um þetta getur verið mótun baráttuaðferðar fyrir verkafólk í dag. Mjög almennt mat verkafólks á forystumönnum í verkalýðshreyfingunni í dag, og starfsaðferðum þeirra er: "Þeir vinna ekki í samræmi við hagsmuni okkar, heldur stunda makk og samvinnu við auðvaldið. Starfsaðferðir þeirra eru ólýðræðislegar, frumkvæði fólksins er haldið niðri. Baráttan er ekki árangursrík, það þýðir ekki að mæta á fundi í stéttarfélögunum við höfum þar hvort sem er engin áhrif, o.s.frv."

Í samræmi við þessar hugmyndir, grundvallarstefnu kommúnista og aðstæður, er hægt að setja fram kjörorð fyrir baráttuna. Heildarkjörorð yrði: Gegn stéttasamvinnunni - endurreisum stéttarfélögin sem baráttutæki. Í framhaldi af þessu getum við mótað baráttuaðferð fyrir daginn í dag. Innihald hennar yrði í stuttu máli: Skipuleggið andstöðu ykkar gegn stéttasamvinnunni , setjið fram kjarakröfur og pólitískar kröfur, reynið að fá samstöðu til baráttu á vinnustöðum ykkar og stéttarfélögum. Kynnið ykkur reynslu baráttusinna í verkalýðshreyfingunni.

Á þennan hátt m.a. geta kommúnistar veitt fjöldanum forystu bæði í daglegri baráttu þeirra og einnig að langtímamarkinu, sósíalísku þjóðfélagi, því með því útrýmum við arðráni og misrétti.

Andstaða gegn

Framh. af forsíðu

verkafólk fengi þá að sjá framan í þessa leiðtoga sína. Það urðu all miklar umræður um þetta en þó fór svo, að tillaga um að halda vinnustaðafundi um þetta mál var samþykkt, þrátt fyrir að Jón Helgason reyndi mikið til að fá fólk til að taka afstöðu með sinni tillögu.

Annað mikilvægt mál sem kom upp á þessum fundi var bónuskerfi sem unnið er eftir í ÚA. Konurnar sem vinna eftir þessu kerfi samþykktu í sumar að vinna eftir þessu nýja kerfi í septembermánuð, síðan ætti að endurskoða það. Enn hefur ekkert gerst í málum kvennanna annað en það að 1 af hverjum 6 fá hærra kaup á þessu nýja kerfi - hinar hafa lækkað. Í umræðum, sem sköpuðust um þetta mál, sýndi Jón Helgason sem auk þess að vera formaður í Einingu situr í stjórn Útgerðarfélags Akureyrar, virkilega vel hvað stéttasamvinna er. Hann neitaði að hafa nokkur afskipti af þessu máli, það konurnar aðeins að bíða eftir útreikningum sérfræðings, nokkuð sem þær eru búnar að gera allt of lengi án árangurs.

Félagsmenn Einingar á Akureyri verða nú að gæta þess að stjórnin standi við þá samþykkt að halda fundi á vinnustöðum. Það eru ýmiss mál sem þarf að ræða og nauðsynlegt að sem flestir taki þátt í þeim. Við höfum ekki góða reynslu af að láta stjórnina eða ríkisstjórnina vinna fyrir okkur. við þurfum að berjast fyrir okkar kjörum sjálf.

Félagsmaður.

Gerum stéttarfélögin að baráttutækjum

Verslunar mannafélagið sýnir lit

Sem kunnugt er sagði Verslunarmannafélag Reykjavíkur upp kaupliðum samninga sinna vegna þess að ýmsir viðmiðunarhópar höfðu náð hagstæðari samningum.
Nú hefur stjórn og trúnaðarmannaráð VR neitað að fylgja samþykkt ASÍ um framlengingu kjarasamninganna án kauphækkanna.

Hér er um að ræða rétt skref VR að mörgu leyti. Það er mikilvægt að brjóta á bak aftur afturhaldsákvörðun ASÍ-forystunnar, sem fölsku verkalýðsflokkarnir stóðu fyrir með ríkisstjórnina sem skjöld. Kjör verkafólks og flests vinnandi fólks eru léleg og nauðsynlegt að hækka grunnkaup verulega.

En félagsmenn VR mega gæta sín.

Fyrst ber að geta þess að það er ekki vegna umhyggju fyrir kjörum almennra félaga sem VR-forystan (a.m.k. sjálfstæðismennirnir) vill baráttu núna. Það sýnir baráttuleysið sem hún hefur staðið fyrir, t.d. meðan "hægri" stjórnir hafa setið. Hún samþykkti hina lélegu "sólstöðusamninga", sem hvergi nærri nálguðust jafngildi 100 þús.kr. lágmarkskröfu stéttarfélaganna.
Það eru sérhagsmunir borgaralegs stjórnmálaflokks sem ráða þarna miklu - flokks sem stefnir í ríkisstjórn.
Þá er rétt að minna á að það er miklu fremur samstaða með kaupmönnum og atvinnurekendum sem hefur stýrt VR-forystunni, heldur en einörð andstaða. Því er næsta víst að VR-forystan beitir sér ekki fyrir miklum leiðréttingum kjaranna.
Þræðir Sjálfstæðisflokksins liggja beint milli félagsins og viðsemjendanna.

Kaupmáttur í febrúar 1974 samsvarar nú u.þ.b. 180 þús. kr. grunnlaunum. Það er lágmarkskaupkrafa. Til viðbótar verður að taka upp baráttu gegn skerðingu samnings- og verkfallsréttar, frekari skerðingu vísitölunnar og fyrir vísitölubótum sem bæta betur fyrir verðbólguna.

Almennir félagar VR hafa síðasta orðið þegar allt kemur til alls, bæði hvað varðar kröfugerð, aðgerðir og samþykkt samninga.

Fréttaritari

Ekki skal treyst á ASÍ - báknið!



framhald af forsíðu

leiðst út í að treysta á forræði annarra, fyrst og fremst ASÍ-báknsins og forystuliða svokallaðra verkalýðsflokka (einkum Alþýðubandalagsins), til að "annast" málefni iðnnemahreyfingarinnar. Þessi stefna þýðir í reynd pólitíska og faglega afvopnun iðnnemahreyfingarinnar og samtaka þeirra sem sjálfstæðs afls".

Um úrbætur segir m.a. svo:

"1. Mikilvægt er að skipuleggja umræðu um starf og stefnu iðnnema og verkalýðshreyfingarinnar almennt.
2. Markmið þeirrar umræðu á að vera, að iðnnemahreyfingin sem heild og einstök félög innan hennar skipuleggi sig á grundvelli stéttabaráttu verkalýðsins gegn auðvaldinu og ríkisvaldi þess.
3. Þess er krafist af forystu INSÍ, að hún fari í einu og öllu eftir gerðum samþykktum þinga."

Í þjóðmálaályktun er bent á nauðsyn baráttu gegn hernum og NATO, með leið fjöldabaráttunnar en ekki trausti á þing eða ríkisstjórnir. Einnig nauðsyn á baráttu fyrir sjálfræði landsins, gegn erlendum skuldasöfnunum og erlendri stóriðju. Þá er tekin eindregin afstaða gegn risaveldunum, Sovétríkjunum og Bandaríkjunum, og styrjaldarbrölti þeirra. Lýst er yfir fyllsta stuðningi við baráttu þjóðfrelsishreyfinga, fyrst og fremst í Palestínu, Eritreu, Namibíu og Zimbabve (Ródesíu).

Gengur BHM til baráttu?

Launamálaráð Bandalags háskólamanna boðaði til almenns félagsfundar 25.okt.sl. í Reykjavík. Voru þar ræddar kröfur um að vísitöluþak á 106. launaflokk (ca. 260 þús. kr. nú) og þar yfir verði afnumið og samningar BHM settir að fullu í gildi.

Um 200-300 manns voru á fundinum sem var seint boðaður og ekkert undirbúinn í félögum launafólks í BHM.

Þrjár framsögur voru um stöðuna í kjaramálum ríkisstarfsmanna BHM. Það var einkum ræða Más Péturssonar sem vakti athygli m.a. fyrir lengd og rangar yfirlýsingar svo sem að ríkisstarfsmenn sættu sig við kjararýrnun, ef hún væri réttmæt!

Umræður voru ekki miklar, en veruleg gagnrýni kom fram á starfsaðferðir forystu BHM, á oftraust á ríkisvaldið hverju sinni og á vanhöld á því að skipuleggja kjarabaráttuna.

Ekki vildi formaður launamálaráðs, Jón Hannesson úr Alþýðubandalaginu viðurkenna gagnrýnina, heldur merkti hana sem "aðdróttanir" og varði litla baráttu BHM til þessa, sérstaklega sl. vor.

Á fundinum voru samþykktar ályktanir þess efnis að launamenn í BHM áréttuðu kröfuna um samningana í gildi og að þeir myndu efna til verkfalla til jafns við kjararánið (t.d. 5 dagvinnutíma í sept.-nóv. í launaflokki 110). Formaður BHM, Jónas Bjarnason einn frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins lagðist gegn tillögu Ara T. Guðmundssonar um stuðning við grunnskólakennara í baráttu þeirra nú. Hún var þó samþykkt ásamt stuðningi við stundakennara í H.Í.

Rétt er að styðja kröfur og baráttu launamanna BHM að þessu sinni, en árangurinn er kominn undir því að aðildarfélög launamálaráðs nái upp almennum verkfalls- og baráttuaðgerðum og því að forystan verði virk og eindregin.

Menn töku eftir því að Alþýðubandalagsmenn úr röðum BHM voru flestir annars staðar en á fundinum. Var annað uppi á teningnum í vor. Eins reyndist Jónas Bjarnason ofl. "baráttugladari" nú en sl. vor. Þetta segir mikið um áhrif borgaralegu flokkanna í stéttarfélögunum: þeir haga sér eftir því hvernig þingsala- og ríkisstjórnargaufið gengur hverju sinni.

Fréttaritari í BHM.

BHM leitar álits um aðgerðir

BHM eru kjarasamtök háskólamenntaðra manna. Eins og VBl hefur áður bent á ætti þorri félagsmanna samleið með starfsbræðrum sínum í félögum BSRB. Einnig eru atvinnurekendur innan BHM, sem er óhæfa. En vísir er að skipulagningu launafólksins í BHM með svokölluðu launamálaráði.

Launamálaráð BHM hefur tekið afstöðu gegn vísitöluþaki ríkisstjórnarinnar, afturvirkri skattlagningu og fleiru. Þá hafa einstök félög aðildarsamtaka BHM hvatt til baráttu gegn kjaraárásum ríkisvaldsins.

Vísitöluþakið lækkar laun mjög margra í BHM, eða allra sem taka laun eftir 106 flokki og úppúr (frá ca. 260 þús.kr. skv. núverandi launatöflu.) Vissulega hefur þetta fólk hærri laun en margur - sérstaklega verkafólk. En léleg kjör eins starfshóps mega ekki vera til þess að hann snúist gegn réttmætri baráttu annars hóps. Kjarabæturnar eru í vasa atvinnurekenda og ríkisvalds þeirra - þangað sækja menn ekki hluta af annars köku, heldur hver eins stóran hluta og barátta hans gefur tilefni til. Enda er það afturhaldið sem óskar eftir ríg innan verkalýðsstéttarinnar og meðal vinnandi fólks með því að ljúga upp kenningunni um "kökuna sem allir verði að skipta á milli sín".

Það er rétt að styðja jákvæða þætti í baráttu BHM gegn fjandsamlegu ríkisvaldi auðstéttarinnar, sem ekki breytir um eðli með ríkisstjórnum. Það er lágmarkskrafa að vísitöluþakið sé afnumið.

Launamálaráð BHM mun nú leita álits meðal launafólks samtakanna um baráttu og kröfur. Við hvetjum baráttusinna til þess að ganga í fylkingarbrjósti.

Gerðir samningar séu haldnir

Verkalýðsblaðinu hafa borist ályktanir frá Nýrri hreyfingu og Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa. Fjalla þær báðar um árásir ríkisvaldsins á kjör opinberra starfsmanna og svik BSRB-forystunnar. Því miður er ekki rúm til að birta ályktanirnar báðar, en hér að neðan fara tilvitnanir í þær.

"Ný Hreyfing mótmælir harðlega áframhaldandi árásum á gerða samninga. Bráðabirgðalög núverandi ríkisstjórnar breyta ekki þeirri staðreynd að samningsrétturinn er ekki virtur..... Yfirlýsingar BSRB-forystunnar að undanförnu bera keim af því að pólitískir hagsmunir séu settir ofar hagsmunum launafólks. ...Krafan er: Gerðir samningar séu haldnir. - Mismunur á septemberlaunum verði leiðréttur."

Í ályktun Stéttarfélags félagsráðgjafa segir svo m.a.:

"Á sl. ári hafa opinberir starfsmenn tvisvar farið í verkfall. Í fyrra skiptið í 1/2 mánuð til að ná fram lágmarkskjarabótum, og í síðara skiptið í tvo daga til að leggja áherslu á að gerðir samningar verði virtir. Yfirlýsing formannaráðstefnu BSRB gengur þvert á þessi höfuðbaráttumál opinberra starfsmanna og gerir að engu baráttu hins almenna félaga.... Yfirlýsing formannaráðstefnunnar ber keim af pólitískum hrossakaupum. Stéttarfélag ísl. félagsráðgjafa telur að brot á gerðum kjarasamningum sé jafn forkastanlegt hvort sem það er framkvæmt af "hægri" eða "vinstri" stjórn...."

Framh. af baksíðu

- engin framför

hafa verið í. Aðalástæða þess er hve lítils metnir landshluta- og hverfahópar eru. Þeim er ekki ætlað að hafa nokkuð að segja innan samtakanna, þar sem þeir munu ekki hafa áhrif á samþykktir og gerðir miðnefndar. Þeirra hlutverk virðist aðallega vera að dreifa, dreifiritum og Dagfara. Starfsáætlunin mun verða samtökunum allt of þung byrði, þegar skipulag þeirra og virkni einstaklinga innan þeirra er eins og raun ber vitni.

Þessi ráðstefna færði samtökin á engan hátt fram á við, síður en svo. Má jafnvel búast við afturför frá því sem verið hefur.

Stuðningur við stundakennara

Almennur félagsfundur í Samfélaginu - félagi þjóðfélagsfræðinema í H.Í. haldinn 16.10.1978 lýsir yfir fullum og óskoruðum stuðningi við baráttu stundakennara í baráttu þeirra s.s. verkfalls, muni félagsmenn Samfélagsins í einu og öllu styðja þær.

Fundurinn skorar jafnframt á önnur hagsmunafélög nemenda í H.Í. að gera sams konar samþykktir.

Ályktun þessi var samþykkt einróma.

Baráttuhreyfing 1. desember:

Mikill kraftur í starfseminni

Fimmtudaginn 26.okt. var haldinn 1.liðsfundur Baráttuhreyfingar 1.desember að Hótel Esju. Ingólfur Jóhannesson, sagnfræðinemi, flutti erindi um sjálfræðisbaráttu Íslendinga fram til síðustu aldamóta, en síðan var lesið úr ræðu Alberts Einarssonar, kennara, frá 1.des. Í fyrra, um þróun baráttunnar á þessari öld. Þetta hvort tveggja verður prentað í bæklingi sem hreyfingin gefur út fyrir næsta liðsfund, sem verður 7.nóv. nk. á sama stað.

Á fundinum var lagt fram dreifirit,sem dreift verður þessa dagana í hús í Reykjavík, og fjallar um baráttumál hreyfingarinnar og starf. Einnig var lagt fram fréttablað, sem ætlað er fyrir félaga í hreyfingunni og helstu stuðningsmenn. Kemur þar ýmislegt fram um starfið, s.s. útgáfuáætlun hreyfingarinnar, leiðbeiningar um starfsaðferðir, fjárhagsáætlun, liðsfundir o.fl. Áætlað er að gefa út annað dreifirit fyrir 1.des., tvö plaköt, og auka upplag merkja, auk bæklingsins sem fyrr er nefndur.

og kom hann fram með mörg góð lög, sum þekkt, önnur ný. Verður gaman að fylgjast með starfi hans komandi mánuði. Einnig var lesin smásaga eftir Ara T. Guðmundsson, kennara.

Fundinum lauk með hópaumræðum um ýmsa þætti starfsins.

Ástæða er til að birta hér nokkrar upplýsingar, sem birtust í síðasta tbl. Verkalýðsblaðsins.

1. Hægt er að hafa samband við framkvæmdanefnd hreyfingarinnar með því að hringja í síma 8 24 57 (Guðmundur Sæmundsson) eða 8 45 91 (Alda B. Marínósdóttir).

2. Bréf til hreyfingarinnar með stuðningsyfirlýsingum og þess háttar má senda til: Baráttuhreyfingar 1.des.,c/o G. Sæmundsson, Pósthólf 10048, 130 Reykjavík.

3. Stefnugrundvöllur hreyfingarinnar er fjögur vígorð, og geta allir sem þeim eru sammála gerst félagar í hreyfingunni:

- Verjum sjálfræði Íslands!
- Gegn erlendri stóriðju!
- Ísland úr NATÓ - herinn burt!
- Gegn heimsvaldastefnu og stríðsundirbúningi risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna.

Er auðséð á öllu að hreyfingin stefnir hátt og ætlar sér mikið. Í stuttu ávarpi formanns framkvæmdarnefndar kom fram, að baráttufundur hreyfingarinnar verður líklega daginn fyrir 1.des., 30.nóv., en auk þess eru uppi hugmyndir um að sjálfan 1.des. standi hreyfingin fyrir aðgerðum í því formi að lagður verði blómsveigur að styttu Jóns Sigurðssonar á Austurvelli.

Á fundinum var flutt mjög gott menningarefni. Nafnlausi sönghópurinn er tekinn til starfa á ný,

Á ferð okkar um Kína urðum við í sendinefnd EIK(m-l) mikið varir við þá ríku alþjóðahyggju sem einkennt hefur starf Kína á alþjóðlegum vettvangi. Alþjóðahyggjan kom fram einkum í vissunni um að Kínverjar eigi vini um allan heim, í því að Kínverjar líta á baráttu sína sem lið í baráttu allar alþýðu heimsins, þar sem þeir stilla sér upp við hlið alþýðunnar í þriðja heiminum og lýsa samstöðu með alþýðu heimsvaldasinnuðu landanna og í því að Kína mun aldrei gerast árásar aðili í stríði né sækjast eftir ítökum og áhrifum í öðrum löndum.

Það sem flestir taka eftir, þegar starf Kína á vettvangi alþjóðamála ber á góma, er einörð afstaða gegn allri heimsvaldastefnu og sérstaklega risaveldunum tveim, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, og samstaða Kína með þjóðum þriðja heimsins.

Kína byggir starf sitt að utanríkismálum á grundvelli stefnunnar um friðsamlega sambúð.

FRIÐSAMLEG SAMBÚÐ

Í samtölum okkar við kínverska félaga var oftlega vikið að atriðunum fimm. Þau voru ekki þulin upp, heldur einfaldlega kölluð atriðin fimm fyrir utanríkisstefnu. Það var nóg, allir vissu hver þessi atriði eru. Árið 1954 kynnti Sjú Enlæ atriðin fimm á ráðstefnu Afríku- og Asíuríkja, sem haldin var í Bandung í Indónesíu. Hann kynnti þau sem grundvöll utanríkissamskipta Kína og eftir þeim hafa Kínverjar alltaf starfað. Þessi atriði eru:

1. Gagnkvæm virðing á landamærum og sjálfræði hvers annars.
2. Engin ásælmi.
3. Engin íhlutun í innri málefni hvers annars.
4. Jafnrétti og gagnkvæmur hagur.
5. Friðsamleg sambúð.

Þegar Kína tekur upp stjórnmálasamskipti við ríki þá eru þessi atriði lögð til grundvallar og ekki vikið frá þeim. Við fengum þetta kyrfilega staðfest er við skoðuðum margvísleg mannvirki, sem alþýðan í Kína hefur reist sér til varnar. Árásarvopn til þess að nota gegn öðrum þjóðum eru ekki til. Við skoðuðum margvísleg gögn sem sýndu samskipti Kína við lönd þriðja heimsins og okkur var sagt frá þeim í samtölum. Það er t.d. þekkt að Kína hjálpaði Tansaníu að byggja mikla járnbraut þvert yfir landið og að þetta mannvirki kostaði margfalt meira en það verð sem Kína tók fyrir. Enginn getur borið það á Kína að Kína hafi notað sér þetta til þess að hafa afskipti af innanlandsmálum í Tansaníu. Eða þegar Kína gaf Egyptalandi mikið af varahlutum í rússnesk vopn, þegar rússar hættu öllum vopnasendingum til Egyptalands.

ÞRÍR HEIMAR OG ALÞJÓÐAÁSTANDIÐ

Nokkuð hefur verið fjallað um kenningu Maós Tsetungs um skiptingu heimsins í þrjá hluta hér í Verkalýðsblaðinu. Hér verður því ekki greint frá innihaldi hennar, en lesendum bent á að lesa Ritstjórnargrein Dagblaðs alþýðunnar í Peking 1.nóv. 1977, sem fjallar ítarlega um kenninguna og hefur greinin verið þýdd og gefin út hjá Októberforlaginu.

Vitund Kínverja um alþjóðaástandið er rík. Spurningin um stríð og frið er ekkert feimnismál, heldur er talað tæpitungulaust. Um stríð og frið sagði Maó Tsetung: "Í fyrsta lagi erum við á móti stríði. Í öðru lagi erum við ekki hrædd við það, því hvaða

Kína og alþjóðamálin

Við eigu um alla

gagn er í því að óttast það." Þessi ummæli Maós eru öllum Kínverjum kunn og afstaða þeirra til stríðs og friðar mótast af þeim. Margir Kínverjar sögðu við okkur. "Við ráðum ekki gangi heimsmála. Heimsvaldastefnan felur í sér stríð og á meðan hún er til þá vofir stríðshættan yfir. Þess vegna búum við okkur undir stríð og við gerum það með því að treysta varnir okkar og með því að byggja sósíalismann hraðar og öflugar!"

Það hefur áður verið greint frá því hér í blaðinu hvernig íbúar í Peking hafa undirbúið sínar varnir, með því að grafa göng undir borgina þannig að allir íbúar geti á 5 mínútum horfið niður í þau og dvalið þar. Sendinefnd EIK(m-l) skoðaði þessháttar göng í annari borg. Kínversku félagarnir sem sýndu og sögðu okkur frá, sögðu að göngin væru grafin af íbúum borgarinnar. Hver einasta fjölskylda átti sinn þátt, jafnt börn sem fullorðnir. "Við störfuðum eftir tilskipun Maos er hann sagði"Grafið göngin djúpt, geymið korn allstaðar og gerum allan nauðsynlegan undirbúning til að mæta ógnunum stríðs eða náttúruhamfara og sækjumst aldrei eftir yfirdrottnun" og árangur okkar var mikill".

Bæði það sem Kínverjar segja og það sem við sáum að þeir hafa framkvæmt, sýndi okkur vel hversu þeir meta ástandið í heimsmálunum nákvæmlega og haga sér eftir því.

Það eru risaveldin sem ógna með stríði. Í öðrum heiminum á auðvaldið í baráttu gegn kreppu, sem lamar varnarmátt þess og það líka gagnvart risaveldunum. Í þriðja heiminum sækir alþýðan jafnt og þétt á og vinnur sífellt fleiri sigra á heimsvalda- stefnunni og sósíalheimsvaldastefnunni. "Við viljum samræma kraftana gegn heimsvaldastefnunni og nú er höfuðþungi baráttunnar hjá þriðja heiminu . Kína tilheyrir þriðja heiminum og hefur því miklu hlutverki að gegna og það vita risaveldin. Þess vegna reyna þau að sverta Kína og sá sundrungu milli Kína og landa þriðja heimsins og milli allara landanna í þriðja heiminum". Þetta sagði kínverskur verkamaður og kommúnisti við okkur þegar við ræddum stuttlega um utanríkismálin við hann.

Starfs innan BSRB og BHM

Allt frá stofnun EIK(m-l) 1975 hefur starf þeirra meðal opinberra starfsmanna verið máttlítið. Samtökin hafa í verkalýðsmálastarfi lagt fyrst og fremst áherslu á starf í hinum gömlu og grónu verkalýðsfélögum s.s. Dagsbrún, Sókn, Framsókn, Einingu á Akureyri og ýmsum iðnnemafélögum. Hægt er að slá því föstu að árangur þessa starfs hefur verið mikill. Á sl. 2 árum hefur styrkur samtakanna aukist mjög og mótun stefnu fyrir starf innan BSRB er orðin knýjandi nauðsyn. Hér á eftir fylgir álit baráttusinna í EIK(m-l) á starfi meðal opinberra starfsmanna.

Stéttgreining opinberra starfsmanna.

Innan BSRB er að finna

afstaða EIK(m-l) til

fulltrúa hinna 3ja aðalstétta þjóðfélagsins.
a. Borgarastétt. Mjög fámenn; einkum forstöðumenn opinberra fyrirtækja, ráðuneytisstjórar o.fl.
b. Smáborgarastétt (millistétt). Stærstu hóparnir eru kennarar, sérfræðingar og ýmiss konar fulltrúar.
c. Verkalýðsstétt. Sjúkraliðar, fóstrur, strætisvagnabílstjórar, lægst launaða skrifstofufólkið t.d. ritarar.

Gæta þarf þess að líta ekki á þessa stéttgreiningu sem endanlega. Með auknu starfi innan BSRB kemur í ljós hversu nothæf hún er. Einnig breytist staða opinberra starfsmanna vegna aukinnar einokunarþróunar þjóðfélagsins.

Ein mikilvægasta ályktun sem hægt er að draga af þessari stéttgreiningu er að borgaraleg og smáborgaraleg áhrif/staða ríkjandi innan BSRB en hinna almennu verkalýðsfélaga.

Forysta BSRB.

Baráttu gegn forystu BSRB verður að heyja á þeim forsendum að stærstur hluti hennar sé gengin í lið með stéttaróvininum og stefna hennar sé stéttasamvinnustefna. Undansláttarstefna BSRB forystunnar gagnvart ríkisvaldinu síðustu mánuði hefur sýnt það svo ekki verður um villst. Taka verður þó tillit til þess að forysta BSRB hefur lagt mun meira á sig en ASÍ-forystan í að virkja félagsmenn sína sbr. umræðuna um verkfallsréttinn. Í forystu BSRB er heldur ekki að finna einokunarborgara í líkingu við nokkra forvígismenn ASÍ. Hitt er þó ljóst að BSRB-foringjar ætla sér í framtíðinni ekki minni hlut í stjórnun auðvaldsins en forystumenn ASÍ.

Starfsáætlun

Meðal annars vegna stéttgreiningarinnar en einnig vegna sögulegrar reynslu eru ákveðnir lykilhópar innan BSRB sem okkur ber að

um vini
n heim

VIÐ EIGUM VINI UM ALLAN HEIM

Skilti og skrautritaðar skreyttar töflur með þessari áletrun blöstu við okkur víðsvegar um Kína og var letrað bæði á kínversku og ensku. Það ætti að segja sig sjálft að Kínverjar eigi vini um allan heim, svo að svona uppblástur sýnist vera ónauðsynlegur. Það er öðru nær. Fyrir Kínverjum er innihald allt annað og miklu meira en það sem við leggjum venjulega í orðið. Við sáum fljótlega í hverju kínversk vináttа er fólgin. "Í öllu starfi okkar erum við í raun að rækja vináttuskyldur okkar við alþýðuna um allan heim. Sósíalíska byltingin í Kína og uppbygging sósíalismans í Kína er ekki einasta liður í því að frelsa alla kínversku þjóðina og þjóðernisminnihlutana í Kína heldur er starf okkar liður í því að losa mannkynið úr greipum heimsvaldastefnunnar. Barátta okkar er alþjóðlegs eðlis." Það er á þetta sem kjörorðið minnir, það leggur skyldur á herðar Kínverjum. Við sáum líka hvernig Kínverjar búa að erlendum ferðalöngum, vinum Kína sem eru í heimsókn.

Sjómenn á erlendum skipum, sem sigla til og frá Kína með vörur, njóta sérstakrar umönnunar og er ekkert til sparað. Við skoðuðum sjómannaverslun og sjómannahótel í Dalien. "Sjómannahótelið hér var lélegt og við höfðum ekkert ráðrúm til að bæta úr þessum vanda og líka vantaði okkur skilning á því: En þegar Sjú Enlæ forsætisráðherra kom hingað í heimsókn eitt sinn vildi hann skoða hvernig væri búið að erlendum sjómönnum, þeim hluta alþýðlegu verkalýðsstéttarinnar sem hefur mest samskipti við okkur Honum fannst aðbúnaðurinn vera slæmur og hvatti okkur til að bæta úr þessu. Nokkrum mánuðum síðar var hér risið nýtt og fullkomið sjómannahótel andspænis sjómannaversluninni og erum við núna vakandi fyrir velferð hinna erlendu sjómanna sem koma til okkar."

Sendinefnd EIK(m-l) skoðaði þessi mannvirki og við skoðuðum varning þann sem sjómönnum er boðið upp á í sjómannabúðinni, sem er þriggja hæða vöruhús.. (Þess ber að geta, að engar hömlur eru lagðar á að útlendingar versli í almennum verslunum enda fer öll verslun fram með kínverskri mynt, líka í sjómannabúðunum. Hér er eingöngu um að ræða þjónustu til þæginda fyrir erlenda gesti, þar sem oft er erfitt að versla annarstaðar vegna tungumálaerfiðleika og margskonar vanþekkingar á framandi varningi. Verðið í þessum búðum er það sama og vöruúrvalið mikið, en þó reynt að hafa helst það sem útlendingar sækjast mest eftir, til þægindaauka, svo þeir þurfi ekki að endasendast út og suður til að leita).

Kínverjar eiga vini um allan heim af því að Kínverjar halda hátt á lofti sameiginlegum markmiðum alþýðunnar í öllum heiminum og vinna störf sín með þau í huga. Þeir eru vitandi um alþjóðahyggju öreiganna og hvaða skyldur eru lagðar á herðar þeim.

□ □ □

Í þessum fimm greinum, sem Verkalýðsblaðið hefur birt um ferð sendinefndar EIK(m-l) til Kína, hefur aðeins verið stiklað á stóru. Við munum halda áfram að birta efni frá og um Kína og sósíalísku uppbygginguna þar. Síðar í haust munum við birta eina grein þar sem fjallað verður um stöðu kvenna í Kína og þátt kínversku kvennahreyfingarinnar í sósíalísku baráttunni.

Verkalýðsblaðið vill hvetja lesendur til að senda örstutt álit sitt á greinarflokknum um Kína. Í hverju hefur honum verið ábótavant? Hvað er hægt að gera til þess að svona greinaflokkur verði betri? Var það efni sem valið var til frásagnar athyglisvert eða ekki? Látið heyra í ykkur.

Stjörnuspa

Þessi stjörnuspá gildir fyrir alla þá áskrifendur Verkalýðsblaðsins, sem greitt hafa áskrift fyrir þetta ár, svo og þá sem keypt hafa þetta tbl. í lausasölu.

Vatnsberinn (21.jan.-19.febr.)

Jafnréttismál kynja verða ofarlega á baugi á heimili þínu. Þú tekur rétta afstöðu, nefnilega að kvennabarátta sé ekki barátta gegn körlum og "karlaþjóðfélagi", heldur eigi hún að vera hluti stéttabaráttunnar. Þar sem karlar og konur úr alþýðustéttum standi saman.

Fiskarnir (20.febr.-20.mars)

Allir sem þú hittir eru þér til furðu sammála því að Verkalýðsblaðið sé að verða hið besta blað. Láttu þessa uppgötvun þína verða þér hvatning til að tvöfalda sölu þína á blaðinu.

Hrúturinn (21.mars-20.apríl)

Veldu þér samherja í baráttunni með aðgát. Trotskíistar í Fylkingunni eru einskis trausts verðir. Eins og allir trotskíistar eru þeir afturhaldssamir, gagnbyltingarsinnaðir skemmdarverkamenn.

Nautið (21.apríl-21.maí)

Þér er endanlega orðið ljóst að stuðningur þinn við krata í síðustu kosningum var mistök. Láttu þér það að kenningu verða og byrjaðu í leshring hjá einu raunverulegu verkalýðssinnuðu samtökunum hérlendis, EIK(m-l).

Tvíburarnir (22.maí-21.júní)

Guðrún Helgadóttir segir að baráttan sé unnin, en sigurinn eftir. Þetta er óneitanlega aðlaðandi kenning: fólkið vinnur barátturna á fjögurra ára fresti, topparnir skipta með sér sigrinum á eftir. Þú hættir við að ganga í Alþýðubandalagið út á Guðrúnu.

Krabbinn (22.júní-23.júlí)

Láttu staðar numið í skemmtanafýsninni og spurðu sjálfa(n) þig, hvort tíma þínum væri ekki betur varið í lestur sumra þeirra ágætu bóka, sem til sölu eru í Október-bókabúðinni að Óðinsgötu 3o.

Ljónið (24.júlí-23.ágúst)

Þú fórst á landsráðstefnu Samtaka herstöðvaandstæðinga helgina 21.-22.okt. Málflutningur trotta og annarra rökleysingja sannfærði þig um að tillögur EIK(m-l) eru réttar. Þú gengur í Baráttuhreyfingu 1. desember strax í dag.

Meyjan (24.ágúst-23.sept.)

Þú ert undir áhrifum vonleysishnattarins þessa dagana. Segðu skilið við Alþýðubandalagið og hlutirnir fara að ganga betur. Vinur þinn gengur úr "MFI/ML"

Vogin (24.sept.-23.okt.)

Þú ert ánægð(ur) með lífið, því að þú seldir 23 eintök af síðasta tbl. Verkalýðsblaðsins, fékkst 2 nýja áskrifendur og varst á skemmtilegum liðsfundi Baráttuhreyfingar 1.desember Láttu það eftir þér að taka 1.des.-merki í sölu á vinnustaðinn þinn.

Sporðdrekinn (24.okt.-22.nóv.)

Með því að líta í "Stéttabaráttuna" kemstu að því að það er ekki nóg að heita "kommúnistaflokkur" til að vera það. Þér líst betur á verkalýðsflokkinn sem EIK(m-l) ætla að stofna að ári.

Bogmaðurinn (23.nóv.-20.des.)

Þú kemst að því við að opna launaumslagið að nýja ríkisstjórnin heitir "vinstri" stjórn af því að hún tekur með vinstri hendinni. Þú færð meiri áhuga á þessum kommum sem gefa út Verkalýðsblaðið, því að þeir spáðu þessu frá upphafi.

Steingeitin (21.des.- 20.jan.)

Láttu ekki bugast þótt broddarnir í stéttarfélaginu þínu svíki allt og séu gengnir á mála hjá þeim öflum sem ráða í þjóðfélaginu, því að þú ert vissulega í hópi þeirra sem munu sigra að lokum.

leggja mesta áherslu á. Lykilhópana er einkum að finna í lægri hluta smáborgarastéttar og í öreigastéttinni. Sem dæmi má nefna: kennara, fóstrur, hjúkrunarfræðinga, slökkviliðsmenn, sjúkraliða o.fl.

Í starfi okkar meðal opinberra starfsmanna ber okkur a.m.k. í fyrstu að leggja mesta áherslu á áróðurs- og útbreiðslustarf á vinnustöðum. Starf innan einstakra stéttarfélaga er minna mikilvægt m.a. vegna lítilla starfsmöguleika þar. Gæta þarf þess þó að tengja alltaf saman vinnustaðastarf og stéttarfélagastarf. Stofnun andstöðuliða og skipulagsstarf á vinnustöðum og og í stéttarfélögunum á fyrst og fremst að verða í sambandi við einstök mál t.d. samninga, verkföll eða ákv. baráttudaga t.d. 1.des. eða 1.maí.

Allir sem ætla að starfa innan BSRB verða að vita um helstu atriði í skipulagi BSRB. Okkar bíður mikið starf að rannsaka það mikla skriffinnskubákn sem BSRB er. Skipulag BSRB er mun ólýðræðislegra en skipulag ASÍ. Svar okkar við því er aukin fjöldastefna þ.e. meira starf á vinnustöðum en ekki láta flækja okkur í stjórnunarbáknið.

Verkfallsréttur

Sá áfangi sem náðst hefur varðandi verkfallsrétt opinberra starfsmanna er vissulega spor í rétta átt en alls ekki nægilegur. Baráttusinnar innan BSRB verða að berjast fyrir fullum verkfallsrétti sem nær til einstakra félaga innan BSRB en ekki eingöngu til forystu BSRB eins og nú er. Reynslan af verkfallsbaráttu BSRB sýnir að beiting verkfallsvopnsins er fum og fálm meðan verkfallsrétturinn nær ekki til einstakra félaga.

Skipulag BSRB

Við álítum ekki rétt að svo komnu máli að hvetja til stofnunar nýrra félaga innan BSRB eða að einstök félög gengju úr BSRB. Markmið starfs okkar meðal opinberra starfsmanna er ekki að stofna ný félög heldur gera þau baráttutækjum og gera skipulagið einfaldara þannig að það hindri ekki lýðræðið eins og nú er. Hins vegar munum við reyna að vinna að sameiningu allra grunnskólakennara í eitt félag. Við berjumst gegn sundrungartilraunum stjórna kennarafélaganna enda eru þær mjög skaðlegar baráttu allra kennara.

Afstaðan til BHM

Bandalag háskólamanna hefur þá sérstöðu meðal launþegasambanda hér á landi að þar tilheyra nær allir félagsmenn millistétt (launamenn) eða borgarastétt (sjálfstæðir atvinnurekendur forstjórar opinberra stofnana). Við setjum fram þá kröfu að hér verði sett skörp skil á milli og að BHM verði fyrst og fremst hagsmunatæki launafólks. Einnig kæmi til greina að einstök félög innan BHM gengu í raðir BSRB t.d. kennarafélög eins og félag menntaskólakennara og félag háskólamenntaðra kennara.

EIK(m-l) styður heils hugar baráttu launafólks í BHM fyrir bættum kjörum.

Mikilvægustu kröfurnar til lengri tíma í baráttu BSRB og BHM eru þessar:

1. Sameinumst gegn fjandsamlegu ríkisvaldi!
2. Gegn stéttasamvinnu BSRB- og BHM-toppanna!
3. Verkfalls- og samningsrétt til einstakra félaga!
4. Gegn niðurskurði á krepputímum!

Félagar EIK(m-l) í BSRB og BHM.

Lönd vilja sjálfstæði - þjóðir vilja frelsi - alþýðan vill byltingu

Nicaragua:

Frelsisbarátta smáþjóðar gegn risaveldi

NICARAQUA	
Stærð : 130 þús. km^2	Atvinnuleysi (opinberar tölur 1973) : 36%
Íbúar : 2,4 milljónir	Ólæsi : 60% í borgum, 80% í sveitum
Meðalaldur : 53 ár	Útflutningur : 70-80% landbúnaðarafurðir
Barnadauði : 13%	

Nicaraquz er lítið land í Mið-Ameríku sem undanfarið hefur oft borið á góma í heimsfréttum vegna baráttu íbúanna gegn einræðisstjórn Somoza.

Somozaættin hefur stjórnað landinu í meira en 45 ár. Landið var hernumið af USA frá 1912 - 1932. 1912 stigu á land 2700 bandarískir sjóliðar til að brjóta á bak aftur uppreisn sem frjálslyndir hópar stóðu að. Landið var síðan hernumið fram til 1932 er USA taldi sig hafa brotið á bak aftur alla mótstöðu og útrýmt Cesar Sandino og skæruliðum hans sem þá höfðu barist vopnaðri baráttu gegn hernámsliðinu síðustu sex árin. Bandaríkin skildu eftir lítinn hóp hermanna, verðandi þjóðvarnarlið Nicaraqua með Somoza (sá fyrsti í röðinni) sem yfirmann og með kosningasvindli gerði hann síðar sjálfan sig að forseta.

Somozaættin hefur æ síðan stjórnað landinu með einræðishendi og tekist að sölsa undir sig flestöll gögn og gæði landsins og hefur forsetastaðan komið þar í góðar þarfir. Þar að auki sitja skyldmenni Somoza í öllum æðstu stöðum ríkisbáknsins og opinberra stofnana. Sú þróunaraðstoð sem landinu hefur borist frá iðnvæddum löndum og alþjóðlegum hjálparstofnunum hefur hafnað í vasa Somoza. Eftir jarðskjálftann 1972 sem lagði höfuðborgina Managua í rúst og krafðist mörg þúsund mannslífa gerði Somoza upptækar allar hjálparsendingar og seldi síðan aðframkomnum landsmönnum sínum mat og klæði en peningasendingar fóru beint inn á bankareikning hans og fjöldkyldu hans.

Somozaættinni hefur tekist að halda sér við stjórnvölinn, þökk sé margfaldri aðstoð USA á öllum sviðum og einkaher

Hermenn úr þjóðvarðliði Somoza-stjórnarinnar ráðast til atlögu gegn uppreisnarmönnum í bænum Matagalpa í sumar.

Somoza : 8000 manna þjóðvarnarliði búið öllum nýtísku vopnum. En óánægja og fátækt fólksins óx stöðugt, og 1962 var stofnuð FSLN Sandiníska þjóðfrelsishreyfingin - þjóðleg, sósíalísk frelsishreyfing sem með vopnaðri baráttu skyldi steypa af stóli einræðisherranum og koma á sósíalísku þjóðfélagi. Innan hreyfingarinnar uxu síðan fram þrjár mismunandi stefnur.

1. Fjölmennastir eru sk. "terceristar" (þriðjungsmenn) fylgjandi skjótum hernaðaraðgerðum og samfylkingu með öðrum þjóðfélags- og pólitískum hópum sem leiði til stuðnings fjöldans við aðgerðir skæruliðanna.
2. Stuðningsmenn "áframhaldandi alþýðustríðs" eru fylgjandi áframhaldandi baráttu í fjöllum landsins og að skæruliðar í borgum grafi undan veldi Somoza, hægt en örugglega. Þetta stöðuga stríð muni þannig auka meðvitund fólksins og auðvelda leiðina til sósíalisma.
3. "Öreigastefnan" (léttvæg hernaðarlega) setur stofnun verkamannaflokks á oddinn sem tryggi byltingarsinnaða framvindu baráttunnar Samfylkingastefnu "tercerista" telja þeir borgaralega blekkingaraðgerð.

Í mars 1978 hófu tveir stærstu hlutar FSLN (sjá 1 og 2 hér að ofan) viðræður til að jafna innbyrðis deilur og geta þannig einbeitt sér að alhliða sókn.

Í dag stendur Somoza einn gegn sameinaðri þjóð sem telur FSLN sína vopnuðu forystusveit og stendur einhuga að baki sérhverri aðgerð þeirra. Terceristastefnan hefur unnið á sitt band mótstöðumenn frá öllum stéttum samfélagsins. Jafnvel borgarastéttin hefur tekið þátt í breiðri samfylkingu (FAO) gegn Somoza. Borgarastéttin tekur þátt í aðgerðum á grundvelli eigin hagsmuna þar eð gróðasókn hennar hefur verið hindruð af einokunaraðstöðu Somoza og því er fyrirsjáanlegt að hún reyni með öllum ráðum að koma í veg fyrir valdatöku og/eða stjórnarþátttöku framsækinna afla. En FSLN hefur tekið frumkvæðið í sínar hendur og lýðræðislegar breytingar án þátttöku sandinista eru óhugsandi vegna núverandi styrkleika hreyfingarinnar og þess stuðnings sem þeir njóta af fólksins hálfu. Forystumenn FSLN hafa og sagt að þeir muni halda áfram baráttunni ef Somoza komist að samkomulagi við borgarasréttina, samkomulagi sem útiloki FSLN

Barátta alþýðunnar í Nicaraqua er fordæmi kúgaðrar alþýðu rómönsku Ameríku þrátt fyrir tímabundinn ósigur og kemur til með að hafa áhrif á baráttuna gegn risaveldinu USA í þessum löndum. Baráttan í Nicaraqua er dæmi um frelsisbaráttu smáþjóðar gegn risaveldi og ber að styðja hana!!!!!

Lesandi í Svíþjóð
(birt lítillega stytt)

„Ekki venjulegt landamæra stríð"

Víetnam hefur enn á ný gert harða innrás inn í Kampútseu. Víetnamski herinn galt mikið afhroð í innrásinni, um 5oo víetnamskir hermenn voru felldir, þrátt fyrir að herinn hafi yfir að ráða nýjum sovéskum vopnum af fullkomnustu gerð.

Þessir síðustu atburðir undirstrika enn betur árásargjarnt eðli Víetnams og heimsvaldasinnað eðli Sovétríkjanna, sem hafa undirtökin í stjórn Víetnams. Þetta staðfestir einnig ummæli Kampútseu um átökin milli Kamútseu og Víetnams, í tengslum við 33. Alsherjarþing Sameiuðu þjóðanna, en þar sagði Ieng Sary, utanríkisráðherra Kampútseu: "Stríðið milli Kampútseu og Víetnam er ekki venjulegt landamærastríð. Sovétríkin eiga þátt í að gera það æ alþjóðlegra. Sovétríkin senda vopn og aðra hernaðaraðstoð til Víetnams, svo Víetnam geti yfirtekið Kampútseu og aukið útþenslu sína í Suðaustur Asíu og reyndar í Asíu allri". Þá lagði Ieng Sary á það áherslu að Kampútsea óskar eftir friðsamlegri lausn á deilu Víetnam og Kampútseu. "Ef Víetnam lætur af árásarstefnu sinni og fyrirætlunum að yfirtaka Kampútseu, erum við tilbúin til að undirrita vináttu- og friðarsáttmála við það hvar sem er, í Phom Penh, Hanoi eða við SÞ".

Barátta verkafólks í Hafnarfirði

Eftir hinn glæsilega sigur verkafólksins hjá Bæjarútgerð Hafnafjarðar (BÚH) hefur það hvað eftir annað gerst að laun hafa ekki verið greidd á tilskyldum tíma.

Eftir aðgerðirnar í sumar fór að bera á peningaleysi hjá fyrirtækinu, sem kom starfsfólkinu á óvart, því framleiðslan gekk mjög vel. Var látið í það skína að fyrirtækið gæti ekki staðið við launagreiðslur og hótunin um að loka frystihúsinu vofði yfir. Í heilar fimm vikur vann starfsfólkið án þess að taka út laun sín að fullu. (Fékk útborgað 10 - 15 þúsund á viku.) Með þessu teygði verkafólkið sig eins langt og það mögulega gat til að forða frystihúsinu frá lokun. Útgerðarráð, sem kosið er af pólitísku flokkunum í Hafnarfirði, sýndi starfsfólkinu þakklæti sitt, með því að loka síðan frystihúsinu í tvær vikur. Hér fannst mörgum að ósvífnin við starfsfólkið hefði náð hámarki sínu. En hinir háu herrar í Hafnarfirði láta greinilega ekki hér við sitja.. Föstudaginn 20. okt. var starfsfólkið látið bíða í eina og hálfa klukkustund eftir að vinnutíma lauk, áður en það fékk útborgað kaupið sitt. Og í dag, föstudaginn 27. Október beið fólkið í eina klukkustund eftir að vinnutíma lauk til þess eins að fá þá tilkynningu frá forráðamönnum að ekkert kaup yrði borgað út í dag, en reyna ætti að greiða kaup næsta mánudag. Með þessum aðgerðum þverbrýtur BÚH alla launasamninga verkafólks og eru aðgerðir sem þessar bein ósvífni í garð verkafólksins. Það er aðeins eitt, sem hinir háu herrar óttast, en það er samstaða verkafólksins. Verkafólk í BÚH, setjið fram kröfuna: Laun greiðist á réttum tíma. Fréttarítari.

Berjumst gegn framlengingu samninganna

Framh. af forsíðu

stjórnina um endurskoðun á samningsréttarlögunum og framlengingu kjarasamninga opinberra starfsmanna til 1.des. 1979. Þar sem samningar renna út 1.júlí n.k. þýddi slík ákvörðun framlengingu um 5 mánuði.

Samkvæmt lögum BSRB hefur samninganefndin umboð til að fara út í þessar viðræður. Hins vegar hefur lítil sem engin umræða farið fram um það í aðildarfélögunum hvort vilji er fyrir þeim eða ekki.

Versnandi baráttustaða

Hvað varðar endurskoðun samningsréttarins virðist fyrst og fremst stefnt að því að fá ákvæðið um 2ja ára samningstímabil fellt út úr núgildandi lögum. Þetta ákvæði skerðir mjög samningsrétt okkar en hins vegar er vafamál hvort nokkuð vinnist með því að gefa eftir kauphækkun og framlengja samningana til að fá því rift. Framlenging þýðir óhjákvæmilega versnandi baráttustöðu. Óðaverðbólgan rýrir raungildi launa okkar gífurlega, jafnvel á aðeins 5 mánaða tímabili. Ef samningar eru bundnir er líka hættara við að stjórnvöld fari út í enn frekari skerðingu vísitölubóta.

Er rétt að versla með samningsréttinn?

Líkurnar á því, að þau rýmri ákvæði um samningsrétt sem e.t.v. fengjust í gegn, yrðu virt af þessari ríkisstjórn og komandi ríkisstjórnum eru ekki miklar. Ríkisstjórnir (bæði vinstri og hægri) hafa hvað eftir annað gert aðför að samningsrétti launafólks. Reynslan sýnir að það eina sem getur hindrað eða hrint slíkri aðför er meðvituð barátta fólksins. Bætt baráttustaða felst þannig ekki í pappírssamþykktum um aukinn rétt, þær getur ríkisvaldið hundsað að vild, heldur í aukinni virkni og baráttu launafólksins.

Ræðið málið á vinnustöðunum

Nokkrir hópar innan BSRB hafa þegar mótmælt þessari undanslátttarstefnu. En mótmælin verða að vera víðtækari. Því er nauðsynlegt að þetta mál verði rætt bæði í aðildarfélögunum og á einstökum vinnustöðum opinberra starfsmanna. Vill EIK(m-l) hvetja baráttusinna innan BSRB til að taka þessi mál upp á vinnustað sínum eða félagi. Auk þess að mótmæla stéttarsamvinnunni þarf að krefjast þess að allsherjaratkvæðagreiðsla fari fram um hvert það samkomulag sem samninganefndin kann að gera við ríkisstjórnina.

DEILUR Í HEIMS HREYFINGU MARX-LENÍNÍSTA

Utanríkisstefna Kína 4. hluti

8. HEIMSÓKN NIXONS TIL KÍNA

Í bréfi miðstjórnar Flokks vinnunnar í Albaníu til miðstjórnar Kommúnistaflokks Kína dags. 29. júlí 1978, er för Nixons til Kína árið 1971 fordæmd. Ekki er rúm til að rekja þessa gagnrýni í smáatriðum en hún sver sig í ætt við árásir trotskíista og nútíma endurskoðunarsinna á utanríkisstefnu Kínverja. Þó skulu nefnd nokkur meginatriði sem albanskir leiðtogar segja að fylgt hafi í kjölfar heimsóknarinnar.

- "Kína hætti að styðja þjóðlegar frelsishreyfingar". Rangt. Eftir 1971 studdu Kínverjar frelsishreyfingar í Mosambique, Angóla, Zimbabwe, Timor, Víetnam, Laos o.fl. Heimildir um þetta koma frá hreyfingunum sjálfum því Kínverjar guma ekki af aðstoð sinni.
- "Kínverjar sviku heimshreyfingu marx-lenínista." Rangt. Eftir 1971 hafa fulltrúar frá fjölda marx-lenínískra flokka og samtaka heimsótt Kína. Félagar úr kommúnistaflokkum sem bannaðir eru í heimalöndunum hafa haldið til Kína. En formaður hins bannaða Kommúnistaflokks Póllands, Kazmierz Mijal, sem dvalið hefur í Albaníu, hefur nú neyðst til að yfirgefa landið, enda setið þar í stofufangelsi síðustu tvö ár vegna stuðnings síns við kenningu Maós um þrjá heima.
- "Kínverjar sviku byltinguna" Rangt. Eftir 1971 kom megin stuðningurinn við byltinguna í Kampútseu frá Kína - einu sósíalísku byltingu síðustu 20 ára!
- "Kínverjar sviku sósíalísku ríkin". Aftur klámhögg! Kínverjar studdu Albaníu fyrir og eftir 1971 eða allt þar til nú fyrir skömmu, einnig Víetnam. Þeir styðja Kampútseu gegn árásum bandarísku og sovésku heimsvaldastefnunnar meðan albanskir leiðtogar styðja árásirnar á Kampútseu!

Sem dæmi um "hringlandann í utanríkisstefnu Kína" segir í bréfinu að hún hafi frá 1960 þróast yfir þrjú stig - frá því að líta á bandarísku heimsvaldastefnuna sem höfuðandstæðing yfir í það að telja risaveldin jafn hættuleg og nú að segja að Sovétríkin séu stærsta ógnunin við heimsfriðinn. En þessi afstaða er rétt og í samræmi við lenínismann. Lenín sýndi fram á riti sínu um heimsvaldastefnuna, að styrkleikahlutföllin milli heimsveldanna breytast stöðugt og að jöfn þróun þeirra er óhugsanleg. En albönsku leiðtogarnir láta eins og alþjóðaástandið hafi ekkert breyst síðustu 20 ár!

Í framhjáhlaupi gagnrýna þeir lýðræðisstefnuna innanlands í Kína, sem byggist á kjörorðunum "Lofum hundrað blómum að spretta", "lofum hundrað stefnum og hugmyndum að keppa". Þetta vekur spurningar um innanlandsstefnuna í Albaníu, sem ekki er hægt að svara nú, enda krefst það frekari rannsókna.

Í 17. og 19. tbl. voru birtir tveir kaflar úr langri greinargerð sem utanríkisfulltrúi miðstjórnar EIK(m-l) hefur sett saman um deilur í heimshreyfingu marx-lenínista, fyrst og fremst deilur Albana og Kínverja. Hér verður áfram haldið að birta greinargerðina, og fjallað um heimsókn Nixons til Kína og árásir Albana á kenningu Maós Tsetungs um heimana þrjá. Í næsta blaði verður svo síðasti hlutinn birtur, þar er fjallað í stuttu máli um samskipti Albaníu og Kína almennt, stéttabaráttuna í Kína o.fl.

Ritstjórn tekur undir gagnrýni sem fram hefur komið á að greinarflokkurinn sé ekki nægilega skipulega framsettur fyrir lesendur, þ.e. að erfitt sé að halda þræðinum í efninu á milli blaða. En við hvetjum lesendur samt eindregið til að lesa greinargerðina, best er auðvitað að halda saman öllum fjórum köflunum og lesa þá í samhengi!

Tilkynningar

Verkalýðsblaðinu hefur borist bréf frá einum lesanda þar sem farið er fram á rökstuðning blaðsins fyrir því að kalla SÍS auðhring, og jafnframt beðið um skilgreiningu á hugtakinu auðhringur. Vegna plássleysis, verður ekki unnt að verða við þessari ósk í þessu tölublaði, og verður það því að bíða næsta tölublaðs (21.tbl.).

□ □ □

Á Akureyri er nýlega búið að stofna deild innan Samtaka Herstöðvarandstæðinga.

Ætlunin er að deildin starfi nokkuð samfellt í allan vetur og verði vel virk.

Starfsemi herstöðvaandstæðinga hefur legið niðri á Akureyri frá því 1973 og er því kominn tími til að hefjast handa.

Nánari fréttir af starfinu koma í næsta Verkalýðsblaði.

Fréttaritari

□ □ □

Leiðrétting

Í grein um Dans- og söngvaflokkinn frá Tíbet í síðasta tbl. Verkalýðsblaðsins, var þess getið, að KÍM hefði átt 20 ára afmæli 20.okt. s.l. Þetta er ekki rétt. KÍM varð 25 ára þann dag.

Lesendabréf

BÆTUM VERKALÝÐSBLAÐIÐ!

Óheppilegur uppsláttur

"Áhugasamur lesandi" skrifar:

"Mig langar til að benda á, að það virðist vera tilhneiging hjá Verkalýðsblaðinu að vera með mjög sértæk fréttaefni sem aðaluppslátt á forsíðu. Þetta er óheppilegt fyrir hálfsmánaðarblað. Það er t.d. ekki sérlega áhugavekjandi fyrir þann sem verið er að bjóða blaðið til kaups, að sjá sem aðalfyrirsögn kynningarfrétt í tilefni af þingi iðnnema, sbr. síðasta tbl. Blaðið var í sölu í eina viku eftir að þinginu lauk! Auk þess höfðar þetta efni til tiltölulega lítils lesendahóps.

Til að vega upp á móti þessu mætti hafa á forsíðu efnisauglýsingadálk. Bæði fyrir kaupendur að átta sig á innihaldinu, en einnig fyrir alla lesendur".

Svar ritstjórnar: Hér er réttilega bent á slæm vinnubrögð í útlitsteikningu blaðsins. Iðnnemaviðtalið í 19. tbl. er ekki eina dæmið um misheppnaðan forsíðuuppslátt. Hér verður að bæta úr.

Blaðið er gott á heildina litið. Mig langar þó að benda á fáein atriði sem eru áreiðanlega til bóta.

1. Það vantar of oft myndatexta. Stundum sér maður ekki hvernig mynd með grein á að geta átt við greinartextann, sumt fólk þekkir maður ekki í sjón eða kannast ekki við staðinn. Eins finnst mér að teikningar eigi að vera merktar upprunalegu blaði, séu þær teknar úr öðrum blöðum.

2. Mér finnst vanta að VB. fylgist með atburðum líðandi stundar nægilega vel og setji fram mat eða stefnu samtakanna. Dæmi um þetta er hin merka kröfuganga fatlaðra og jarðefnavinnslan austur á Mýrdalssandi. Hvers vegna?

3. Þegar greinar eru langar verður að bæta úr því með góðum millifyrirsögnum, fleiri en einni leturtegund, römmum um lesmál o.s.frv. Annars fælist maður greinarnar.

4. Notið minna stimpla eins og "trotskíisk", "þrugl" eða alls konar gorgeir. Þá taka menn meira mark á greinunum.

5. Ég legg til að okkur lesendum verði sendur spurningalisti sem mætti klippa úr blaðinu með spurningum um innihald, útlit og þess háttar. Þá ættum við auðveldara með að móta blaðið, því það myndu áreiðanlega margir senda ykkur útfyllta lista.

Þakka svo fyrir síbatnandi verkalýðsblað.

Einn sem vinnur hjá ríkinu.
(fyrir lélegt kaup.)

Söng og dansflokkurinn frá Tíbet

Ógleymanleg sýning

Sýningum listafólksins frá Tíbet hefur verið mjög vel tekið hér, og húsfyllir á hverja sýningu.

Í upphafi sýninga talaði Arnþór Helgason, formaður Kínversk - íslenska menningarfélagsins, (KÍM) og bauð þessa góðu gesti velkomna. Þá kom fararstjóri hópsins einnig fram, og sagði m.a. að Söng- og dansflokkurinn frá Tíbet flytti íslensku þjóðinni einlægar vináttukveðjur, ekki aðeins frá Tíbet, heldur einnig frá allri kínversku þjóðarheildinni.

Sýningin sjálf verður sennilega hverjum manni ógleymanleg: Frábær túlkun listafólksins á sérstæðri list og menningu, á sviði hljóðfæraleiks, dans- og sönglistar, okkur Íslendingum svo framandi. Liprar og taktfastar hreyfingar dansaranna, fínleg og sérkennileg tónlist sem söngvarar og hljóðfæraleikarar fluttu, litskrúðug sviðsetning og búningagerð, færir okkur Íslendingum heim vitnisburð þess hvers frjáls alþýða í frjálsu landi er megnug að skapa, er tjáningarfrelsi hennar er óheft.

Skemmtileg og óvænt túlkun listafólksins á vináttu kínversku þjóðarinnar kom fram í því, að í hverju tónlistaratriði var sungið eða leikið íslenskt lag. Þetta vakti mikla hrifningu áhorfenda.

Verkalýðsblaðið vill þakka tíbetska listafólkinu fyrir að sækja okkur heim, og KÍM fyrir að greiða fyrir komu þess hingað.

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

Gerist áskrifendur
Áskrift greiðist á
giró 12200-9

ÁBM: ALBERT EINARSSON
1 árs áskrift: kr. 3000
1/2 árs áskrift: kr. 1750
Til útlanda: kr. 5500
Stuðningsáskrift: kr. 5000
ÓÐINSGÖTU 30 Pósthólf 5186,
Reykjavík, sími: 29212

Landsbókasafnið
v/ Hverfisgötu
101 Reykjavík

INSÍ - þingið:

Misheppnaðar árásir Alþýðubandalagsins á EIK(m-l)

Dagana 20-22.okt. var haldið þing Iðnnemasambands Íslands og sóttu það fjölmargir fulltrúar víðs vegar af landinu. Blaðið náði tali af tveimur þingfulltrúum, Sumarliða Ísleifssyni, járniðnaðarnema úr Reykjavík, og Árna Kjartanssyni, járniðnaðarnema frá Akureyri, og spurði frétta af þinginu.

Sumarliði: Það er fyrst hægt að taka fram, að félagslegt ástand í iðnnemahreyfingunni er svipað og annars staðar í verkalýðshreyfingunni; mjög lítil almenn virkni félaga í starfi og sum félög í reynd lítið meira en nafnið eitt. Við sem skipuðum andstöðulið gegn stéttasamvinnustefnu INSÍ-forystunnar á þinginu héldum því fram, að hreyfingin þyrfti að tileinka sér og starfa samkvæmt stéttabaráttustefnu verkalýðsins gegn auðvaldinu og ríkisvaldi þess. Einnig að hreyfingin yrði að hafa forystu sem hefði góð tök á markmiðum baráttustefnunnar og starfaði í samræmi við það. Andstaðan beindi kröftum sínum að því að kynna baráttustefnuna, láta hana takast á við ranga stefnu, fyrst og fremst kratastefnu sem Alþýðubandalagsmenn í INSÍ-forystunni halda á lofti, en einnig vorum við í andstöðu við "Heimdellingalið" á þinginu, unga íhaldsmenn.

Okkur tókst að koma máli okkar þokkalega til skila, en andstöðuliðið skipuðu einkum fulltrúar úr 2-3 félögum, en hópurinn stækkaði og styrktist á þinginu. Andstæðingar okkar voru fyrst og fremst úr sambandsstjórn INSÍ.

Árni: Þrátt fyrir að ályktanir þingsins hafi yfir sér góðan heildarsvip, innihaldi mikilvæga þætti baráttustefnunnar, þá á eftir að koma í ljós hvort þingstarfið muni færa hreyfinguna fram á við. Það er hlutverk okkar að halda áfram að byggja upp félögin, og hins vegar að þrýsta á að forysta INSÍ starfi á grundvelli þingsályktanna.

Sumarliði Ísleifsson og Árni Kjartansson

ANDSTAÐAN EKKI EINSLEIT.

VB: Í viðtali við Þjóðviljann kallaði Hallgrímur G. Magnússon form. INSÍ andstöðuna á þinginu "20-30 maóista". Hvaða öfl eru í andstöðu í INSÍ?

Árni: "Harði kjarninn" kom úr röðum járniðnaðarnema í Reykjavík, einu stærsta og virkasta nemafélaginu í INSÍ. Auk þess úr röðum iðnnema frá Akureyri, en iðnnemar á Akureyri hafa lengi verið í andstöðu við stefnu forystu INSÍ í verkalýðsmálum. Ég gat ekki betur fundið en fulltrúar iðnnema frá Akureyri væru af ýmsu sauðahúsi hvað varðar afstöðu til landsmálapólitíkur, en þeim var öllum sameiginleg afstaða til verkalýðsmála og fannst undarlegt að fá af því tilefni stimpilinn "maóistar" frá Hallgrími fráfarandi formanni INSÍ.

Sumarliði: Það er ljóst að Hallgrímur G. Magnússon og aðrir Alþýðubandalagsmenn rekja andstöðu í INSÍ til Einingarsamtakanna. Rétt er það, að kommúnistar úr EIK(m-l) starfa virkt meðal iðnnema, og voru til staðar á þinginu. En andstaðan er auðvitað mun víðtækari eins og Árni bendir hér á. Alþýðubandalagsmenn reyndu mikið að sundra andstöðunni. Sögðu EIK(m-l) "nota INSÍ sér til framdráttar","þröngva sínu máli upp á hreyfinguna" o.s.frv. En þarna afhjúpuðu Bandalagsmenn einmitt veikasta blettinn á eigin skinni; Með þessu vildu þeir reyna af veikum mætti að beina athygli þingfulltrúa frá harðri gagnrýni á starf og stefnu ASÍ-forystunnar og það hvernig Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkurinn nota sér aðstöðu sína í verkalýðshreyfingunni til flokkspólitísks brölts. Þetta varði INSÍ-forystan með klóm og kjafti! Þeir reyndu að nota fráfísunartillögur til að bola okkar málflutningi af dagskránni, en tókst yfirleitt ekki eins vel og þeir ætluðu.

Að lokum vil ég hvetja iðnnema og raunar mun fleiri, að kynna sér ályktanir þingsins, sem gefnar verða út á næstu vikum. Innihald þingplagganna er í aðalatriðum gott og vel nothæft til að byggja baráttu á.

Áskrifta og lausasöluherferð



Árangur áskriftaherferðarinnar grundvallast fyrst og fremst á því að unnið sé markvisst og skipulega og að hver og einn stuðningsmaður hafi það hugfast að aðeins með því að hver og einn skili sínu framlagi vinnst sigur í herferðinni. Félagar og vinir! Gerum Verkalýðsblaðið að öflugu vopni. (Munið viðtalstíma dreifingar á mánudögum, kl. 18-19)

LAUSASÖLUHERFERÐ

Af 18. tbl. hafa selst blöð, sem nemur 107% af markmiðinu. Lofar það góðu um framhaldið Inni í þessum tölum eru að vísu góðir toppar, sem benda til þess að salan hjá stuðningsmönnum blaðsins sé enn mjög ójöfn, en markmiðið er að ná upp jafnri og öruggri sölu yfir alla línuna. Aðeins þannig getum við haldið þessu marki fyrir hvert tölublað.

ÁSKRIFTARHERFERÐ

Komin eru inn 24% af markmiðinu. Aukningin frá síðasta tölublaði nemur 9%, hún þarð að meðaltali að vera 15% á milli tölublaða þannig að markmiðinu verði náð. Árangur stuðningsmanna blaðsins á Suðurlandi er framar öllum vonum. Þessi góði árangur þeirra ætti að verða okkur hinum góð hvatning í starfinu.

1. okt '78 - 1. jan '79

Herstöðvaandstæðingar - engin framför

Helgina 21.-22. október var haldinn landsráðstefna Samtaka herstöðvarandstæðinga. Allur undirbúningur undir hana af hálfu miðnefndar, var lélegur, enda einkenndist hún af skipulagsleysi. Þetta var fámennasta landsráðstefna þessara samtaka til þessa sem m.a. á sér skýringu í því að Þjóðviljinn sá ekki ástæðu til að auglýsa hana að ráði. Það er í samræmi við þá þögn sem Alþýðubandalagið vill að ríki um herstöðvarmálið.

Þrátt fyrir að menn væru sammála um að samtökin væru í mikilli lægð, voru samþykktir ráðsstefnunnar ekki í samræmi við það. Tillögur Kópavogshóps samtakanna um skipulagsbreytingar sem m.a. miðuðu að því að gera hópana að virkum og einhvers ráðandi einingum, voru felldar, allar tillögur um umræðu innan samtakanna voru einnig felldar. Það er því ljóst að hóparnir verða eftir sem áður einskis metnar einingar og þeirra eina hlutverk að dreifa dreifiritum, Dagfara og því um líku. Í skýrslu formanns miðnefndar kom fram að aðeins fátt eitt sem var á starfsáætlun samtakanna síðasta ár var efnt. Ekki virtust menn draga neina lærdóma af því, því að starfsáætlun sú er samþykkt var á þessari ráðstefnu gerir jafnvel ráð fyrir meira starfi en áætlun síðasta árs gerði. Ofan á þessa viðamiklu starfsáætlun var svo samþykkt að efna til herferðar til að krefjast þess að stjórnvöld láti fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um herstöðvamálið og Nato. Á landsráðstefnunni var kosin ný miðnefnd. Til kjörs í hana var að sjálfsögðu stillt upp samkvæmt pólitískum hrossakaupslögmálum. Alþýðubandalagið fékk flesta og svo fengu hin "vinstri" samtökin færri. Ekki var tekið tillit til þess hvort menn höfðu starfað virkt innan samtakanna upp á síðkastið nema að litlu leyti, heldur var aðalspurningin í hvaða "vinstri" flokki eða samtökum viðkomandi var í. Það er því full ástæða til að ætla að þessi miðnefnd verði lítt eða ekkert skárri en sú, er á undan henni var, hvað snertir virkni einstaklinga innan hennar.

Af framan sögðu er ljóst að Samtök herstöðvarandstæðinga munu ekki rísa upp úr þeirri lægð sem þau

Framh. á blaðsíðu 3